

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 89/2009, um starfsheiti tollvarða.

1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Séu fleiri tollverðir með sama starfsheiti í sömu skipulagseiningu eða deild hvílir verkstjórnarskylda og eftir atvikum stjórnunarskylda á herðum þess tollvarðar sem slíka skyldu ber samkvæmt starfslýsingu.

2. gr.

Í stað orðanna „einstök starfsheiti“ í 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: einstök starfsheiti og hvort öll starfsheiti skuli notuð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 2. mgr. 46. gr. og 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. desember 2018.

F. h. r.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Benedikt S. Benediktsson.